
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 85. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 29. apríl 2004, kl. 13:00-13:50
Fundarstaður: Landsvirkjun, Bústaðavegi
Fundarefni: 1) Nordel gögn.
2) Samantekt á stuðlum ársins 2003.
3) Gæði raforku.
4) Breytingar á skráningu.
5) Skýrsla Orkustofnunar um truflanir.
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Steingrímur Jónsson
Gunnar Haukur Gunnarsson
Ólafur Pálsson
Egill Sigmundsson
Jón Vilhjálmsson

Verkfræðistofan Afl:

- 1) JV sagðist hafa tekið saman niðurstöður fyrir Nordel og væru engar truflanir núna á 132 kV og hærri spennu hjá öðrum en Landsvirkjun. NG sagði að Helga hefði skoðað niðurstöðurnar og afhenti hann JV athugasemdir frá henni. JV sagði að niðurstöður yrðu sendar út 10. maí.
- 2) JV sagði að það vantað ennþá gögn frá Hitaveitu Suðurnesja og Norðurorku og Orkuveita Reykjavíkur væri að leiðrétta sín gögn. Einnig er ekki búið að safna saman afltölum fyrir síðast ár og stuðlar hafa því ekki verið uppfærðir. ES og GHG lofuðu að ganga frá gönum síðast árs fljótlega.
- 3) NG sagði að það væri fundur í gæðanefnd Orkustofnunar á morgun. Nefndin mun fá niðurstöður Landsvirkjunar varðandi flutningskerfið og hópurnir taldi að hún ætti að fá samantektina um aðveitu- og dreifikerfið.

- 4) JV sagði að ný útgáfa af tölvukerfi fyrir skráningu lægi fyrir og einnig eyðublöð og handbók. Hann bað menn um að láta sig vita hvenær þeir vildu fá nýja útgáfu setta upp. GHG bað um að fá forritið þar sem hann þyrfti hvort er eð að setja skráninguna upp að nýju.
- 5) ÓP sagði að Orkustofnun hefði ekkert hafið vinnu við skýrslu um truflanir. Ekki lægi fyrir hver mundi vinna þá skýrslu.
- 6) SJ sagðist ekki fá lengur skýrslur frá Landsvirkjun um þau tilvik þar sem Rarik búnaði er stjórnað frá Landsvirkjunarkerfinu. Nils ætlar að athuga það.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn 22. september.

Jón Vilhjálmsson